



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026



Forvarnastefna Garðabæjar



... hamingjusöm

LEIÐARLJÓS

Öll börn og ungmenni
eiga að fá tækifæri
til að blómstra



Ókeypis sótt af '000000000000' dags: 25.03.2026

... eins og blóm í haga



KJARNI MÁLSINS

- Að líta á forvarnir í viðu samhengi og leggja áherslu á að búa þannig að hverjum einstaklingi að hann njóti sín sem best.
- Að foreldrar gegni lykilhlutverki í forvörnum.
- Að öll börn njóti náms, íþróttar og tómstunda við hæfi.
- Að stuðla að aukinni samfelli í skóla- og tómstundastarfi.
- Að hvetja til aukins frítíma og samveru fjölskyldunnar.
- Að styrkja fjölskylduna í uppeldishlutverki sínu og efla umræðu og fræðslu um hlutverk og ábyrgð fjölskyldunnar á uppeldi barna.
- Að veita foreldrum upplýsingar um hagi og líðan barna og ungmenna í Garðabæ og áherslur í forvarnastarfi.
- Að allir sem koma að uppeldisstarfi séu meðvitaðir um ábyrgð sína og leggi áherslu á að vera góðar fyrirmyndir.
- Að lögð sé áhersla á að efla og styrkja sjálfsmynd barna og ungmenna.
- Að huga sérstaklega að forvörnum sem beinast gegn hvers konar áhættu- og sjálfsskaðandi hegðun.
- Að tryggja samvinnu og yfirsýn þeirra sem koma að málefnum barna og ungmenna í bæjarfélaginu.
- Að hafa aðgang að nýjustu rannsóknarniðurstöðum varðandi hagi og líðan barna.
- Að forvarnir séu sýnilegur málaflokkur í bæjarblöðum og á vefsíðum bæjarins og að þar megi finna upplýsingar varðandi ráðgjöf og aðstoð fyrir foreldra og börn.
- Að fagfólk sé sífellt vakandi fyrir því að greina börn sem þurfa sérstaka aðstoð og finna úrræði við hæfi.
- Að fólk sem starfar með börnum sé meðvitað um tilkynningaskyldu sína skv. barnaverndarlögum.

Leiðbeinum
og
styðjum



EFNISYFIRLIT

Leiðarljós	2
Kjarni málsins	5
Formáli	8
Inngangur	11
Vettvangur samvinnu	13
Hlutverk skóla í Garðabæ	14
Foreldrafélög í Garðabæ	17
Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar (ÍTG)	19
Félagsþjónustan í Garðabæ	21
Foreldrar og fjölskyldan	23
Aðilar sem koma að forvörnun	25

Veitum frelsi en
setjum
mörk

FORMÁLI

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 16. mars 2006 að mótuð yrði forvarnastefna fyrir Garðabæ. Markmið stefnunnar skyldi vera að ná til sem flestra aðila innan bæjarins með það að markmiði að þeir vinni allir sem ein heild að uppeldi barna og ungmenna í bænum. Stefnan skyldi einnig vera viðmið og samnefni við mótun forvarnastefnu skóla í bænum.

Aðdragandi þess að tillaga um mótun forvarnastefnu var lögð fyrir bæjarstjórn var þátttaka forvarnanefndar Garðabæjar í „Vertu til“ forvarnaverkefninu sem er samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lýðheilsustöðvar. Þátttaka í verkefninu fól í sér þrjá vinnufundi þar sem allir sem koma að forvörnum í Garðabæ hittust. Fram fór stöðumat á forvörnum í bænum, rætt var um markmið sem bærinn vildi setja sér í málaflokknum og grunnur að framtíðarsýn var mótaður. Í framhaldi af lokaskýrslu „Vertu til“ verkefnisins í byrjun árs 2006 óskaði forvarnanefnd Garðabæjar eftir því við bæjarstjóra að unnin yrði forvarnastefna fyrir bæinn.

Ráðinn var verkefnisstjóri, Sigríður Hulda Jónsdóttir, til að útbúa grunn að stefnu í samvinnu við forvarnanefnd og forvarnafulltrúa. Þeirri vinnu var skilað í lok maí 2006. Við mótun stefnunnar var meðal annars byggt á þeim gagnagrunni sem fékkst á vinnufundum „Vertu til“ verkefnisins, þar sem hann endurspeglar innlegg þeirra aðila sem mest vinna með börnum og ungmennum í Garðabæ. Í framhaldi af vinnu verkefnisstjóra vann stýrihópur og forvarnanefnd að frekari mótun stefnunnar sumarið og haustið 2006. Lokadrög voru lögð fyrir ýmsa aðila forvarna og nefndir bæjarins í desember 2006 og óskað eftir ábendingum þeirra. Forvarnastefnan var samþykkt af bæjarstjórn þann 18. janúar 2007.

Í framhaldi af kynningu forvarnastefnunnar verður unnin aðgerðaáætlun sem auðveldar að framfylgja stefnunni. Skal hún einnig höfð til viðmiðunar við fjárhagsáætlunargerð bæjarins. Stefnan skal endurskoðuð reglulega en þó ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Það er ósk þeirra sem komið hafa að gerð stefnunnar að hún setji skýran ramma um forvarnastarf í Garðabæ og sé leiðbeinandi í hvívetna fyrir þá aðila sem vinna með börnum og ungmennum í bænum. Öflug samvinna og samstaða eru lykilþættir við að efla forvarnir í Garðabæ.

**Með kærri kveðju,
fyrir hönd stýrihóps og forvarnanefndar
Ragný Þóra Guðjohnsen**

Í stýrihópnum sátu:

Ragný Þóra Guðjohnsen, formaður forvarnanefndar Garðabæjar
Gunnar Richardson, forvarna- og tómstundafulltrúi Garðabæjar
Bergljót Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri Garðabæjar
Páll Ólafsson, unglingaráðgjafi Garðabæjar

Verkefnisstjóri:

Sigríður Hulda Jónsdóttir, námsráðgjafi

Forvarnanefnd Garðabæjar:

Kjörtímabilin 2002–2006 og 2006–2010

Umsagnaraðilar voru:

Skólar í Garðabæ
Nefndir í Garðabæ
Íþrótta- og æskulýðsfélög í Garðabæ
Heilsugæslan í Garðabæ
Svæðaráð foreldrafélaga og foreldraráða í Garðabæ
Upplýsingadeild Garðabæjar

Fleiri komu að verkinu með ábendingar og ráð og er þeim þakkað fyrir gott samstarf.



INNGANGUR

Við gerð forvarnastefnunnar var byggt á forvarnastarfi sem unnið hefur verið í bæjarfélaginu um árabil, reynslu frá öðrum sveitarfélögum svo og innlendum og erlendum rannsóknarniðurstöðum um uppeldismál, árangur í forvarnastarfi og fleiru sem tengist málaflokknum. Áhersla var lögð á að forvarnastefnan yrði skýrt, aðgengilegt og hagnýtt vinnuþlagg fyrir alla sem vinna að málefnum barna og ungmenna á vegum Garðabæjar.

Forvarnastefnan tekur fyrst og fremst til barna að 18 ára aldri, forráðamanna þeirra og allra sem vinna að bættri lýðheilsu yngri íbúa bæjarins. Garðabær er fjölskylduvænn bær. Hann hefur það að leiðarljósi að styrkja fjölskylduna á marvíslegan hátt og stuðla að því að börn búi við umhverfi og uppeldisaðstæður sem efla sjálfsmynd þeirra og skapa sterka og heilbrigða einstaklinga. Foreldrar eru mikilvægustu aðilarnir í mótun barna sinna. Styrk og samtakamátt foreldra þarf sífellt að efla og virkja. Á vegum bæjarins starfa forvarnafulltrúi og forvarnanefnd, sem hafa það meginmarkmið að halda utan um og styrkja forvarnastarf í bænum. Forvarnastarf er langtímaverkefni þar sem um er að ræða ákveðna nálgun í málefnum barna sem setur barnið sjálft og hagsmuni þess alltaf í fyrsta sæti. Afar mikilvægt er að allir þeir sem koma að málefnum barna í bænum vinni saman að forvörnum og er þá átt við foreldra, aðila á vegum bæjarins, aðrar stofnanir og félagasamtök í bænum. Mikilvægir samstarfsaðilar í forvörnum, sem ekki er fjallað sérstaklega um hér þar sem starfsemi þeirra er ekki á vegum bæjarfélagsins, eru t.d. lögregla, heilsugæsla, þjóðkirkja og félagasamtök.

Forvarnanefnd og forvarnafulltrúi Garðabæjar

Forvarnanefnd og forvarnafulltrúi fylgja eftir forvarnastarfi, stefnumótun og þróun málaflokksins. Forvarnanefnd aflar sér þekkingar um allt það starf sem unnið er með börnum og ungmennum í bænum. Nefndin hvetur og styður sem flesta til að efla forvarnir, miðlar hugmyndum og liðkar til fyrir samstarfi og samráði.

Forvarnanefnd fylgist með þróun forvarnamála og færir þekkingu um forvarnamál inn í bæjarfélagið. Nefndin gerir sér far um að taka þátt í ýmsum verkefnum á landsvísi s.s. á vegum sveitarfélaga, félagasamtaka og Lýðheilsustöðvar. Forvarnanefnd leiðir starf samráðshóps forvarna sem í eru helstu fulltrúar stofnana og félaga sem koma að uppeldismálum í bæjarfélaginu. Forvarnafulltrúi vinnur með forvarnanefnd og tekur þátt í lykilhópi félagsþjónustu.

Virðum
útvistarreglur
barna og
unglinga



VETTVANGUR SAMVINNU

Í forvarnastarfi er afar þýðingarmikið að tryggja samvinnu og yfirsýn þeirra sem koma að málefnum barna og ungmenna í bæjarfélaginu. Lögð er áhersla á að aðilar vinni saman í góðu samstarfi við forvarnafulltrúa og forvarnanefnd. Þessi samvinna þarf að vera formleg og markviss. Einnig þarf hlutverk hvernar stofnunar og samtaka að vera vel skilgreint.

Samráðshópur forvarna

Samráðshópur forvarna er hópur sem í eiga sæti fulltrúi forvarnanefndar, forvarnafulltrúi, lykilhópur félagsþjónustu og fulltrúar helstu stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka sem vinna með eða koma að málefnum barna í Garðabæ. Hlutverk samráðshóps forvarna er:

- Að hafa yfirsýn yfir málaflokkinn og starf sem unnið er með eða fyrir börn í Garðabæ og vera sífellt vakandi fyrir breytilegum aðstæðum í umhverfi barna.
- Að samræma aðferðir og nálgun forvarna í bænum, ræða stefnumótun og vera vettvangur til að vinna með ýmis forvarnamálefni, t.d. samræmingu skólastarfs, tómstunda og annarra starfa barna.
- Að samhæfa og samnýta fræðslu og upplýsingar til foreldra, barna og starfsmanna.
- Að stuðla að sameiginlegum viðhorfum og stefnu sem unnið er eftir hjá stofnunum í bænum, t.d. í eineltismálum, agamálum, vímuefnamálum og öðrum málaflokkum forvarna.
- Að koma upplýsingum um málaflokkinn til fjölmiðla.

Hópurinn hittist a.m.k. þrisvar á ári t.d. fyrir hverja haust-, vor- og sumarönn. Á fundunum er blandað saman fræðslu- og áætlanagerð og deilt út verkefnum.

Lykilhópur félagsþjónustu

Unglingafulltrúi félagsþjónustu leiðir vinnu hópsins. Hann kallar til þá fulltrúa sem í hópnum eiga að vera en það eru lykilpersónur hjá þeim stofnunum sem vinna með börn í Garðabæ. Fulltrúar í lykilhópi forvarna eiga að vera starfsmenn sem eru í nánnum, daglegum tengslum við börnin. Í hópnum skulu auk unglingaráðgjafa vera fulltrúar frá lögreglu, Garðaskóla, Félagsmiðstöðinni Garðalundi, Fjölbrotaskólanum í Garðabæ, forvarnafulltrúi og aðrir sem talin er þörf á hverju sinni. Lykilhópurinn er aðgerðahópur sem á eftir fremsta megni að hafa þekkingu á stöðu barna í Garðabæ. Hann getur skipulagt viðbrögð ef þörf er á, t.d. ef óæskileg hópamyndun á sér stað eða framboði á afþreyingu eða stuðningi er ábótavant. Hópurinn vinnur einnig með forvarnanefnd og samráðshópi forvarna að auknu eftirliti í tengslum við ýmis tímamót, s.s. áramót, próflok og skólalok.

HLUTVERK SKÓLA Í GARÐABÆ

Markmið:

Að hagsmunir nemenda séu ávallt í fyrirrúmi í skólastarfi. Leitast sé við að öllum börnum líði vel og þau finni eigin styrkleika í námi og leik.

Leiðir:

- Markvisst forvarnastarf hefst strax í leikskóla og sé samfellt allt til 18 ára aldurs.
- Grunnskólar bæjarins efla samstarf sitt og miðli hver öðrum af reynslu sinni í ýmsum málaflokkum, t.d. lífsleikni, einelti og agamálum.
- Skólar bæjarins leggi ríka áherslu á að bjóða nám við allra hæfi, t.d. með einstaklingsmiðuðu námi, ákveðnu námsvali og fjölbreytilegum kennsluaðferðum.
- Stuðla að því að lífsleikni á öllum skólastigum taki mið af því að efla einstaklinginn, sjálfsmynd hans, félags- og samskiptafærni og fræða hann og styrkja til heilbrigðs lífennis.
- Greina sem fyrst hugsanlegan vanda nemenda og tryggja að innan skólanna séu margvísleg sérúrræði svo koma megi til móts við þarfir þeirra sem þurfa stuðning.
- Nemendum sé veittur stuðningur við hæfi og viðeigandi sérfræðiaðstoð vegna hvers kyns erfiðleika, t.d. námserfiðleika, geðraskana og félagslegra erfiðleika, í nánu samstarfi við foreldra og aðra aðila eftir því sem við á.
- Námsráðgjafar skulu styrkja sérstaklega þá nemendur sem þurfa stuðning við flutning á milli skóla eða skólastiga.
- Hafa á boðstólum hollan mat fyrir nemendur í skólum bæjarins.
- Boðið sé upp á öflugt starf í tómstundaheimilum.
- Leggja áherslu á hreyfingu nemenda og bjóða upp á valmöguleika í leiðum til hreyfingar þannig að koma megi til móts við mismunandi áhuga, getu og þarfir.
- Skólar skulu koma upplýsingum um forvarnafræðslu og ráðgjöf sem boðin er á vegum skólanna til upplýsingastjóra Garðabæjar. Hann sér um að vista þær á vefsíðu Garðabæjar þar sem fjallað er um forvarnir.
- Tilnefndur sé fulltrúi hvers skóla sem vinni að forvörnum og fylgi eftir forvarnastefnu sem viðkomandi skóli hefur markað sér.

- Starfsmenn skóla skulu vera meðvitaðir um tilkynningarskyldu sína samkvæmt barnaverndarlögum.
- Foreldrar komi inn í skólann í auknum mæli, bæði til þess að kynnast starfseminni og einnig til að miðla af eigin þekkingu til skólasamfélagsins.
- Stuðlað sé að öflugu samstarfi foreldra og skóla og virkum samskiptum milli foreldra allt til 18 ára aldurs nemenda.
- Efla uppbyggingu vinahópa og annarra verkefna sem miða að því að styrkja vinatengsl, vinna gegn einelti og öðrum félagslegum erfiðleikum.
- Starfsfólk skóla hafi öflug samskipti við foreldra og nýti netsamskipti og aðra miðla til að koma til þeirra upplýsingum.
- Leggja áherslu á öflugt foreldrasamstarf í skólum með ýmsum föstum þáttum í skóla-starfinu þar sem fjölskyldur og nemendur verja tíma saman. Lykilatriði er að ná til allra.
- Bjóða foreldrum fræðslu um uppeldismál og upplýsingar um úrræði og leiðir sem hægt er að fara þegar upp koma erfiðleikar.
- Stuðla að öflugu foreldrarölti í samvinnu við foreldrafélög.
- Bjóða öllum á aldrinum 16–18 ára, sem hafa hætt eða hyggjast hætta námi, stuðning og ráðgjöf þar sem unnið er að raunhæfum framtíðarmarkmiðum.



Tryggjum
samveru
fjölskyldunnar

FORELDRAFÉLÖG Í GARÐABÆ

Markmið:

Styðja fjölskylduna í uppeldishlutverki sínu.

Leiðir:

- Halda uppi umræðu um mikilvægi þess að setja foreldrahlutverkið í fyrsta sæti og leggja áherslu á samveru foreldra og barna.
- Stuðla að aukinni fræðslu til foreldra um uppeldismál og forvarnaáherslur.
- Efla samstöðu og vitund foreldra um nauðsyn þess að fylgja reglum um útivistartíma og að koma í veg fyrir eftirlitslaus samkvæmi. Tryggja góða eftirfylgni með þessum þáttum, m.a. með virku foreldrarölti í samvinnu við skóla, félagsmálayfirvöld, lögreglu og félagsmiðstöð.
- Hvetja foreldra til að fylgjast vel með börnum sínum, kynnast vinum barna sinna og vera í sambandi við foreldra þeirra.
- Hvetja foreldra til að vera góðar fyrirmyndir og leggja áherslu á að gefa skýr skilaboð um ólögmæti neyslu áfengis hjá börnum og að foreldrar kaupi ekki undir neinum kringumstæðum áfengi fyrir börn.
- Hvetja foreldra til að vera virkir þátttakendur í skóla-, íþrótt- og tómstundastarfi barna sinna og efla þannig með þátttöku sinni barnið til að temja sér heilbrigðan lífsstíl, setja sér góð markmið og að auka ábyrgðarkennd.
- Í öllum köflum stefnunnar er að finna áherslur sem varða samskipti foreldra, foreldrafélaga og stofnana bæjarins.



Styðjum börn og unglunga í íþrótt- og æskulýðsstarfi

ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ GARÐABÆJAR (ÍTG)

Markmið:

Veita öllum börnum tækifæri til að stunda skipulagt íþrótt- og tómstundastarf við sitt hæfi, óháð efnahag og hæfileikum. Minnka brottfall úr íþróttum og tómstundastarfi barna.

Leiðir:

- Unnið sé markvisst að forvörnum í formi fræðslu og upplýsingagjafar til starfsfólks, barna og foreldra.
- Komið sé sérstaklega til móts við þátttakendur sem þurfa stuðning.
- Lögð verði aukin áhersla á að börn og fullorðnir eigi kost á að hittast og vinna að uppbyggilegum verkefnum saman.
- Í samstarfi við samráðshóp forvarna og lykilhóp skal bjóða upp á sérúrræði fyrir einstaklinga eftir því sem við á.
- Starfsfólk ÍTG og félagasamtaka standi vörð gegn vímuefnaneyslu unglunga og sé góðar fyrirmyndir.
- Stuðla að fjölbreyttu framboði íþróttar og tómstunda fyrir börn.
- Stuðla að samfelli í skóla-, íþrótt- og tómstundastarfi.
- Leggja áherslu á að allir geti tekið þátt og að koma í veg fyrir brottfall.
- Leggja áherslu á að starfsfólk hafi nauðsynlega menntun, reynslu og aldur og sé jákvæðar fyrirmyndir barna.
- ÍTG komi að fræðslu til starfsmanna Garðabæjar og félagasamtaka sem vinna með börn.
- Stuðla að aukinni þátttöku foreldra í íþrótt- og tómstundastarfi barna með virkari upplýsingagjöf og skipulögðu samstarfi.
- Í Garðabæ fari fram blómlegt og uppbyggilegt frístundastarf fyrir börn og ungmenni, í félagsmiðstöðvum, tómstundaheimilum og félögum.
- Vinnuskólinn skal gefa börnum kost á fjölbreyttri vinnu sem eflir sjálfstraust þeirra, ábyrgðarkennd og stuðlar að heilbrigðum lífsstíl.
- Efla félagslegt hlutverk vinnuskólans með áherslu á fjölbreytt tómstunda- og menningarstarf.
- Auka fjölbreytni starfa innan vinnuskólans í samvinnu við einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og félög í bænum.
- Starfsmenn skulu vera meðvitaðir um tilkynningarskyldu sína samkvæmt barnaverndarlögum.



FÉLAGSPJÓNUSTAN Í GARÐABÆ

Markmið:

Leitast við að tryggja börnum og fjölskyldum í Garðabæ góðar aðstæður.

Leiðir:

- Styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu.
- Bjóða markvissa greiningu, stuðning og ráðgjöf fyrir börn í vanda og fjölskyldur þeirra.
- Finna úrræði sem hæfa hverju barni og veita stuðning og eftirlit sem þörf er fyrir.
- Veita og taka þátt í ráðgjöf og fræðslu fyrir foreldra og starfsfólk varðandi uppeldis-, forvarna- og meðferðarmál.
- Styrkja og leiðbeina foreldrafélögum m.a. varðandi virkt foreldrarölt.
- Bjóða börnum á aldrinum 16–18 ára, sem hætt hafa námi, stuðning og ráðgjöf í samvinnu við skóla.
- Foreldrar geti á heimasíðu Garðabæjar sótt forvarnafræðslu og upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er og hvert hægt sé að leita ef vandi steðjar að fjölskyldunni.
- Félagsþjónustan ber ábyrgð á starfi lykilhóps félagsþjónustu.



FORELDRAR OG FJÖLSKYLDAN

Foreldrar og fjölskyldan eru mikilvægasti aðilinn í forvörnum. Láttu til þín taka.

Samvera

Tryggðu sem mesta samveru. Því meiri tíma sem þú verð með barninu þínu því betra. Tími fjölskyldunnar er dýrmætur og uppbyggjandi.

Stuðningur

Veittu andlegan stuðning og sýndu áhuga á málum barns þíns.

Vertu nærri

Vertu viss um hvar barnið þitt er hverju sinni og láttu vita hvar þú ert. Leyfðu ekki eftirlitslaus samkvæmi.

Vellíðan heima

Skapaðu gott umhverfi heima fyrir barnið og vini þess.

Reglur

Gættu þess að útivistarreglur sem og aðrar reglur séu virtar. Stilltu tölvunotkun barnsins í hóf og fylgstu með netnotkun og áhorfi á aðra miðla.

Áhugi og eftirfylgd

Hvettu barnið til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi, fylgdu því eftir af áhuga og vertu til aðstoðar.

Félagsauður

Þekktu foreldra skólafélaga og vina barna þinna og vertu hluti af samfélagi og neti foreldra. Láttu þig varða um börn annarra.

Sameiginlegt verkefni

Forvarnastarf er grasrótarstarf. Sterkt net foreldra er mikilvægt til að skapa heilbrigt og gott samfélag fyrir börn og unglinga.



AÐILAR SEM KOMA AÐ FORVÖRNUM



LEIÐARLJÓS

Öll börn og
ungmennni eiga að
fá tækifæri til að
blómstra

